

Fundur Foreldrafélags Lágafellsskóla – 1. fundur - Skólaárið 2021-2022

24. maí 2021 kl. 20:30 – Staðsetning: Fjarfundur

Mættir: Eva Ómarsdóttir (fundarritari), Grétar Þór Ævarsson, Guðrún Kristinsdóttir, Helga Dóra Magnúsdóttir, Jónatan Þór Jónasson, Petra Eiríksdóttir, Unnur Margrét Arnardóttir, María Arndal, Helga Dóra Magnúsdóttir, Sævar Kristinsson

Valið í nefndarstörf og nefndir:

- Helga Dóra Magnúsdóttir: Fundarritari
- Sævar Kristinsson: Gjaldkeri
- María Arndal og Guðrún Kristinsdóttir: Fulltrúar í SAMMOS
- Petra Eiríksdóttir: Varafulltrúi í SAMMOS

Styrkir til nemenda og kennara í lok skólaárs:

- Samþykkt að leita leiða til að gleðja kennara og annað starfsfólk Lágafellsskóla og Höfðabergs í lok skólaárs. Áætlaður kostnaður um 50 þús. kr.
- Samþykkt að ítreka við skólastjórnendur að fá hugmyndir að því hvernig foreldrafélagið getur styrkt og stutt við nemendur, skólastarf þeirra, menningar- eða félagslíf. Áætlaður kostnaður um 300 þús. kr.

Skipulagður viðburður í júní:

- Útileikjakvöld fyrir nemendur og foreldra.
- Á skólalóð Lágafellsskóla í vikunni 1.-4. júní nk. Dagsetning valin eftir veðri.
- Skipulagðir leikir, t.d. Brennó, snúsnú, Eitur í flösku, o.fl.
- Auglýsa á facebook síðu foreldrafélagsins, virkja bekkjarfulltrúa, á heimasíðu skólans og senda póst á Mentor.

Hvernig getum við gert foreldrafélagið sýnilegra og virkja foreldra betur?

- Setja hlekk á Facebook síðu foreldrafélagsins inná undirsíðu félagsins á heimasíðu skólans
- Fulltrúi foreldrafélagsins mætir á skólasetningu í haust og kynnir starf félagsins.
- Útbúa dreifiblöð til að dreifa til foreldra á öðrum skólasetningum?
- Halda fund með bekkjarfulltrúum í upphafi skólaárs. Virkja þeirra vinnu og hlutverk í að tengjast foreldrum og virkja þá.
- Halda gott fræðslukvöld fyrir foreldra (og hugsanlega nemendur) strax í upphafi skólaárs, eitthvað sem trekkir vel að. Kynna foreldrafélagið og starfið í leiðinni.
- Hvetja foreldra til að senda inn hugmyndir – gera það að aðgengilegri möguleika.

Hugmyndir fyrir næsta vetur:

- Næsti fundur boðaður viku fyrir skólasetningu (vikan 17.-21. ágúst)
- Þjóða upp á fræðsla um menntun, uppeldi, andlega og líkamlega heilsu barna.
- Þjóða upp á fræðsla um framkomu og efla reynslu í sviðslistum/framkomu.
- Vera öflugur málsvari fyrir uppbyggingu og endurbætur á útsvæðum Lágafellsskóla og Höfðabergs í samræmi við markmið um heilsueflandi bæjarfélag

- Halda reglulega útileikjakvöld fyrir nemendur og foreldra
- Efla samskipti við foreldra og tengsl á milli foreldra með ýmsum viðburðum og uppákomum

Framundan:

- Fundur SAMMOS í júní (óákv. dags.). Nýjir fulltrúar (María og Guðrún) mæta ásamt fráfarandi fulltrúa (Grétar).
- Nýr gjaldkeri, Sævar (með liðsinni Grétars), hefur samband við fráfarandi gjaldkera, Valdimar, og tekur við gjaldkerahlutverkinu með öllu sem því tilheyrir.
- Fulltrúi foreldrafélagsins verður vonandi viðstaddur skólaslit 10. bekkjar og fær að afhenda nemendum verðlaun frá foreldrafélaginu fyrir framúrskarandi námsárangur og samskiptahæfni.
- 10. bekkur fer í útskriftarferð í júní og fær styrk frá foreldrafélaginu að upphæð 100 þús. kr.
- Vorhátíð fer fram á Höfðabergi 4. júní nk. Foreldrafélagið styrkir leigu á hoppukastala.
- Formaður hefur samband við skólastjórnendur vegna styrkja og til að koma hlekk á Facebook síðu foreldrafélagsins inn á heimasíðu Lágafellsskóla.
- Formaður beinir fyrirspurn til skólastjórnenda um stöðuna og framhaldið á uppbyggingu og endurbætur á útisvæði á Höfðabergi og Lágafellsskóla.

Fundi slitið kl. 21:45.